



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 5. mars 2018.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um notkun og ræktun lyfjahamps, 18. mál, þingmannatillaga.

Við er til tölvubréfs Alþingis frá 8. febrúar 2018 þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um notkun og ræktun lyfjahamps, 18. mál á 148. lögjafarþingi.

Um er að ræða þingmannatillögu um að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fram lagafrumvarp sem heimili notkun og framleiðslu lyfjahamps.

Í frumvarpinu felst að lyfjahampur, kannabis, yrði löglegur undir yfirsýni læknisfræðilegs tilgangs. Lí telur engin skynsemisrök mæla með því að lögleiða kannabis þó svo að ýmis önnur lönd hafi ákveðið að stíga það skref. Með lögleiðingu kannabis myndi aðgengi að því aukast. Þá felst í lögleiðingu viðurkenning á efni, sem hingað til hefur verið ólöglegt vímuefni og barist gegn sem slíku, m.a. í öllu forvarnarstarfi meðal ungmenna. Með lögleiðingu kannabis mun aðgengi aukast og hætt er við að neysla þess myndi aukast að sama skapi.

Framhjá því verður ekki litið að kannabis er ekki hættulaust efni. Fyrir lilega ári síðan birtist grein í Læknablaðinu þar sem farið var yfir fjölmargar rannsóknir sem skýra tengsl kannabis og geðrofs.¹ Niðurstöður þessara rannsókna styðja ótvírætt að notkun kannabis sé sjálfstæður áhættuþáttur fyrir geðrof og að öllum líkindum einnig fyrir þróun langvinnra geðrofssjúkdóma eins og geðklofa. Áhættan eykst með tíðari neyslu. Þá sýna þessar rannsóknir að notkun kannabis á unglingsaldri hefur sterkari tengsl við geðrof en neysla sem hefst á fullorðinsaldri. Niðurstaða höfunda er:

Í ljósi þeirra gagna sem við höfum kynnt í þessari yfirlitgrein teljum við afar mikilvægt að auka þekkingu lækna, annarra heilbrigðisstétta og almennings á alvarlegum afleiðingum reglulegrar kannabisnotkunar hjá unglingum og ungum fullorðnum,²⁰ og ekki síður á þeirri staðreynd að það er ekki hægt að spá fyrir um hverjir í hópi notenda kannabisefna veikist illa og til lengri tíma.

Embætti landlæknis hefur sent Alþingi ítarlega umsögn um tillöguna, sjá: <http://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-418.pdf>. Lí tekur heilshugar undir þessa umsögn.

Lí mælir eindregið gegn því að þingsályktunartillaga um notkun og ræktun lyfjahamps verði samþykkt.

¹ Arnar Jan Jónsson, Hera Birgisdóttir og Engilbert Sigurðsson: „Eykur notkun kannabis hættu á geðrofi og þróun geðklofa?“ Læknablaðið, 9. tbl. 2016, sjá: <http://www.laeknabladid.is/tolublod/2014/09/nri/5261> og

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna þessarar þingsályktunartillögu, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,



Reynir Arngrímsson, formaður